



Starfshópur um aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn

B.t. Frosta Sigurjónssonar, formanns

Reykjavík, 4. janúar 2019

Efni: Samráð við hagsmunaaðila um lækkun þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn

Vísa til erindis sem barst með tölvupósti þann 21. desember sl. þar sem óskað er eftir skriflegum ábendingum lífeyrissjóða vegna vinnu starfshóps sem félags- og jafnréttismálaráðherra hefur skipað til að meta „aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn“.

Ætla má að allir séu sammála um nauðsyn þess að finna leiðir til að liðka fyrir aðkomu ungs fólks og tekjulágra á húsnæðismarkaðinn. Nú þegar hafa verið stigin skref fyrir einstaklinga til að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn, upp að ákveðnu marki, til kaupa á fyrstu íbúð með skattalegum hvötum, sbr. lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð nr. 111/2016.

LL hafa almennt lýst sig mótfallin öllum inngripum í lífeyrissparnað þar sem honum er ætlað það hlutverk að tryggja afkomu fólks á efri árum. Hins vegar liggur fyrir að vandi margra er mikill þegar kemur að því að tryggja sér húsnæði og því eðlilegt að litið sé til þess hvort lífeyrissparnaður geti að einhverju marki verið nýttur í því skyni að leysa húsnæðisvandann. Slík inngrip verða þó ætíð vandmeðfarin því eftir sem áður þarf að tryggja að lífeyrissparnaður standi undir hlutverki sínu sem er að greiða út ásættanlegan lífeyri verði fólk fyrir áföllum á lífsleiðinni og við starfslok. Því er mikilvægt að allar aðgerðir sem ætla lífeyrissparnaði önnur hlutverk veiki ekki þær stoðir að tryggja afkomu einstaklinga þegar að starfslokum kemur.


Í þessu sambandi ber að líta til þess að ungt fólk á að jafnaði ekki mikinn lífeyrissparnað þar sem hann byggist upp á löngum tíma. Lífeyrissjóðir hafa komið sem tryggir fjármögnunaraðilar að fasteignum um margra áratuga skeið og nú einkum sem lánveitendur til sinna sjóðfélaga. Lífeyrissjóðir hafa því stigið fram og leitt vaxtalækkun á markaði sem kemur íbúðarkaupendum til góða.

LL vilja koma því á framfæri að verði hugmyndir um að nýta lífeyrissparnað til fasteignakaupa að veruleika er hætt við að einhverjir muni ekki eiga þennan sparnað þegar kemur að ellilífeyrisaldri og er því mikilvægt að lausn á einum vanda skapi ekki nýjan til framtíðar litið. Í þessu sambandi er vert að benda á að eigið fé í íbúðarhúsnæði er ekki undanþegið aðför skuldheimtumanna eins og raunin er um lífeyrissparnað, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Umrædd beiðni um ábendingar og upplýsingar er mjög opin og engar beinar hugmyndir lagðar fram um það hvernig aðkomu lífeyrissjóða að lausn húsnæðisvandans geti verið háttað. Því óska LL eftir því að fá að fylgjast með þróun málsins og eftir því sem tillögur mótast að fá færi á að koma ábendingum á framfæri við þær. Jafnframt eftir atvikum að fá tækifæri til að hitta starfshópinn og fara yfir kosti og galla slíkra tillagna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri